

Kópaskerslína 1, Norðurþingi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Tilkynning

Þann 9. maí 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um framkvæmd sem kann að vera háð umhverfismati samkvæmt 19. gr. laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Norðurþings, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Hafrannsóknarstofnunar og Skógræktarinnar.


2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Styrking á Kópaskerslínu 1, Norðurþingi, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Landsnet – VSÓ Ráðgjöf. 5. maí 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Norðurþingi 15. júní 2022, Minjastofnun Íslands 15. júní 2022, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 15. júní 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 14. júní 2022, Umhverfisstofnun 2. júní 2022 og Skógræktinni 10. júlí 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 4. og 6. október 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd





Fyrirhuguð framkvæmd felst í að styrkja Kópaskerslínu 1 á tveimur stöðum annars vegar með stálmöstrum á Reykjaheiði og hins vegar með jarðstreng við Kópasker.

Við Kópasker þarf að endurbyggja línuna á um 2,5 km löngum kafla og verður lagður 66 kV jarðstrengur í stað loftlínu. Jarðstrengurinn verður grafinn og verður skurðurinn um 90-100 cm djúpur. Framkvæmdin liggur að hluta til meðfram slóða á ræktuðu landi og þar er ekki þörf á sérstakri slóðagerð. Ef nauðsynlegt verður að gera vinnuslóða mun hann verða fjarlægður að loknum framkvæmdum. Við efnistöku verða nýttar nálægar námur sem eru á skipulagi. Efnisþörf er áætluð um 2-3 þúsund m³. Við frágang er gert ráð fyrir að endurnýta svarðlag ofan af skurði þar sem það er hægt en annars er sáð í skurðsár þar sem land er gróið með tegundum í samræmi við núverandi gróður. Að öðru leyti er fyllt upp í skurðinn með fyrri jarðveg og gengið frá eins vel og kostur er. Strengleiðin verður merkt á yfirborði.

Á Reykjaheiði er gert ráð fyrir endurnýja línur á um 5,5 km löngum kafla og miðað er við að möstrum fækki úr 22 stk. í 12-15 stk. Ný möstur verða um 3-5 m hærrí en núverandi möstur Kópaskerslínu og gert er ráð fyrir að meðalhafleingd á stálmastrakafla Kópaskerslínu 1 verði 240-280 metrar. Búast má við að umfang rasks verði á bilinu 20-40 m² fyrir hvert mastur, og verða ný möstur reist við hliðina á núverandi línu áður en eldri möstur verða rifin niður. Búast má við að hámarkshliðrun á línunni verði um 30 metrar. Reynt verður að lágmarka slóðagerð með því að nýta fyrirbyggjandi slóða og vegi en styrkja þarf slóða eða leggja nýja á Reykjaheiði og er áætluð efnisþörf um 7-8 þúsund m³. Gert er ráð fyrir að frágangur svæðis við möstur loftlínunnar verði með þeim hætti að svæðið taki á sig mynd aðbyggjandi svæða. Leitast verður við að fylla í holur, við niðurrif stæða, með efni af staðnum. Vegna rasks á hrauni verður hraungrýti notað til að fylla upp í sár þar sem það á við. Á melum og ógrónum svæðum verður land jafnað, sem líkast því sem fyrir er. Við rask á grónu landi verður svarðlag lagt yfir til að endurheimta staðargróður og til að halda áhrifum á gróður í lágmarki. Leitast verður við að velja árstíma fyrir framkvæmdirnar sem ætla má að minnst áhrif verði á gróður. Gera má ráð fyrir að slóðar verði áfram sýnilegir í landslaginu.

Framkvæmdatími er áætlaður um 2-3 mánuðir og gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um mitt ár 2023.

Vegna uppsetningu og niðurrifs á stæðum innan vatnsverndarsvæðis á Reykjaheiði verður gripið til sérstaks verklags og mótvægisáðgerða í þeim tilgangi að lágmarka eða koma í veg fyrir mengun ef óhöpp af völdum olíu eiga sér stað.

Breytingar á framkvæmd

Landsnet gerði breytingar á framkvæmdatilhögun á meðan málsmeðferð stóð yfir. Upphaflega stóð til að koma fyrir nýjum möstrum á Reykjaheiði sem og við Kópasker. Í kjölfar umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem bent var á mikilvægt fuglasvæði við Kópasker og að skoða ætti að setja jarðstreng í stað loftlínu tók Landsnet ákvörðun um að leggja jarðstreng í stað loftlínu á kaflanum við Kópasker. Áformuð loftlína við Kópasker var fyrirhuguð á sama stað og loftlína er í dag en þar sem setja á jarðstreng var ákveðið að færa legu hans út fyrir eldhraun og votlendi að mestu og láta hann fylgja kaldavatnslögn sem þegar er til staðar og svæðið því nú þegar raskað.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við Kópasker liggja línur að mestu í gegnum akurlendi, tún, mólendi og hraun. Á Reykjaheiði liggja línur aðallega í gegnum mólendi og hraun en



einhverjir flákar af víðihraunavist séu á línuleiðinni, sem hafi mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Fram kemur að votlendi á áhrifasvæðinu nái ekki þeim viðmiðunarmörkum til að fallast undir vernd.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að skoða verði vel legu vegslóða, staðsetningu mastrastæða og efnisnám á báðum framkvæmdarstöðum með tilliti til friðaðra plantna, þ.e. rauðberjalyngs við Kópasker og klettaborkna á Reykjaheiði. Skynsamlegt væri að staðfesta hvort tegundirnar sé að finna innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og ef í ljós komi að þær séu innan framkvæmdasvæðis þurfi að íhuga mótvægisáðgerðir t.d. flutning á gróðurtorfum út af framkvæmdasvæðinu. Slík áðgerð sé raunhæf fyrir rauðberjalyng en erfiðara fyrir klettaborkna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áður en sótt verði um framkvæmdaleyfi verði sérfræðingur fenginn til að fara um svæðið þar sem rask sé fyrirhugað til að athuga staðsetningu friðlýstra plöntutegunda og ef þær reynast vera innan framkvæmdasvæðis verði leitast við að hnika til framkvæmdasvæðinu eins og kostur er. Ef ekki verði unnt að komast hjá raski verði skoðað að flytja gróðurtorfur líkt og fram komi í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í umsögn skógræktarinnar kemur fram að varanleg eyðing skógar sé framkvæmdarleyfisskyld af viðkomandi sveitarfélagi, og að það eigi við hvoru tveggja nýskógrækt og náttúrulegt skóglendi. Í slíkum tilfellum sé Skógræktin umsagnaraðili og óski eftir nauðsynlegum gögnum, m.a. til þess að standa skil á kolefnisforða viðkomandi skóglendis.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem að ákvörðun hafi verið tekin um að setja Kópaskerslínu 1 í jörð og færa staðsetningu línunnar út fyrir eldhraun og votlendi komi línan ekki til með að raska skóglendi. Við niðurrif núverandi loftlínu á þessum kafla verði notast við núverandi slóða þar sem þess sé kostur. Einnig kemur fram að við umsókn um framkvæmdarleyfi geri Landnet ráð fyrir að sveitarfélagið komi til með að leita umsagnar Skógræktarinnar í samræmi við lög um skóga og skógrækt og muni leyfisumsókn innihalda gögn um hvort/hve mikið af skógi komi til með að verða raskað, á því formi sem Skógræktin óski eftir.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Kópaskerslína 1 liggja að hluta til í gegnum hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd sem forðast beri að raska nema brýna nauðsyn beri til. Áætlað sé að umfang raskaðs eldhrauns verði á bilinu 340 – 840 m². Fram kemur að með styrkingu Kópaskerslínu sé verið að tryggja afhendingaöryggi og varði það almannahagsmuni. Framkvæmdaraðili hafi við undirbúning framkvæmdarinnar leitast við að halda raski í lágmarki með því að nýta núverandi vegstæði og slóða þar sem svæði séu nú þegar röskuð.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að það vanti umfjöllun um möguleg áhrif á hella. Fara verði varlega svo hellum verði ekki raskað þar sem möstur nr. 143-148 á Reykjaheiði verða endurnýjuð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áður en sótt verði um framkvæmdaleyfi verði sérfræðingur fenginn til að fara um svæðið þar sem rask sé fyrirhugað til að athuga staðsetningu hella og ef þeir reynast vera innan framkvæmdasvæðis verði leitast við að hnika til framkvæmdasvæðinu eins og kostur er.

Framkvæmdaraðili hefur ákveðið að leggja jarðstreng í stað loftlínu á þeim kafla sem styrkja á við Kópasker. Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að jarðstrengir feli almennt í sér meira rask en loftlínur og hafi því verið ákveðið að í stað þess að láta jarðstreng fylgja núverandi legu línunnar að færa strenginn út fyrir eldhraun að mestu og votlendi sem sé að finna í hraunjaðrinum. Strengurinn komi til með að fylgja kaldavatnslögn og fari því um svæði sem nú þegar hafi verið raskað. Samráð hafi verið haft við landeiganda um staðsetningu strengsins. Fram kemur að jarðstrengur dragi úr áhrifum á eldhraun þar sem ekki verði nýtt rask á eldhrauni á þessum kafla.



Áhrif á fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdirnar kunni að raska staðbundið búsvæðum fugla auk þess sem hærrí möstur geti aukið hættu á áflugi. Á Kópaskeri fari línar að hluta til um svæði sem skilgreint sé sem mikilvægt fuglasvæði.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að vegna mögulegrar áflugshættu á mikilvægu fuglasvæði telji stofnunin að taka ætti til skoðunar að leggja Kópaskerslínu 1 að hluta til í jörðu sunnan Kópaskers. Þar liggja línar í grennd við tjarnir þar sem finna megi ríkulegt fuglalíf m.a. séu þar fjöldi vatnafugla á vorin svo gera megi ráð fyrir töluverðri umferð á fartíma af tegundum sem hvað hættast er við áflugi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands hafi verið ákveðið að kanna nánar fýsileika þess að hafa jarðstreng á því svæði sem sé ríkulegt af fuglalífi og hafi niðurstaðan verið sú að leggja Kópaskerslínu 1 í jarðstreng við Kópasker. Fram kemur að jarðstrengur dragi úr áhrifum vegna mögulegrar áflugshættu fugla á línuna.

Áhrif á landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ný möstur verði sviðuð og núverandi möstur fyrir utan það að vera úr stáli og verða 3-5 m hærrí. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg áhrif á landslag og ásynd. Vegna umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur verið ákveðið að sá kaflí línunnar sem á að endurnýja við Kópasker verði jarðstrengur í stað loftlínu og verði því sjónrænt áhrifasvæði framkvæmdarinnar minna á þeim kafla sem er styrktur við Kópasker.

Áhrif á vatnsvernd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á Reykjaheiði liggja sá hluti línunnar sem hér er til umfjöllunar að stórum hluta um fjarsvæði vatnsverndar og að búast megi við að raskað svæði innan fjarsvæðis vatnsverndar verði á bilinu 160 – 360 m². Fram kemur að í útboðsgögnum verði sett fram verklag með mótvægisáðgerðum sem vinna þurfi eftir á framkvæmda- og rekstrarstigi sem felist m.a. í viðbragðsáætlun, öryggis- heilbrigðis- og umhverfisáætlun og kröfum um að búnaður til hreinsunar verði á staðnum og að haldið verði námskeið fyrir verktaka.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Norðurlands 2010-2033.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Norðurlands samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun.

6 Niðurstaða

Um er að ræða styrkingu á Kópaskerslínu 1 á tveimur köflum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem



njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda með með tilliti til umfangs og hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin er ekki mikil að umfangi en rask verður á svæði sem nýtur verndar vegna jarðmyndana. Hluti leiðarinnar er innan fjarsvæðis vatnsverndar en fram kemur að við niðurrif og uppsetningu á möstrum verði gripið til sérstaks verklags og mótvægisáðgerða til að lágmarka áhrif á vatnsverndarsvæðið. Við Kópsker er loftlínu skipt út fyrir jarðstreng og verður því minni áhrif að gæta hvað ásýnd og áflugshættu fugla að ræða, hins vegar fylgir lagningu jarðstrengs meira rask en framkvæmdaraðili hyggst færa legu strengsins að mestu út fyrir eldhraun og votlendi og mun hann koma til með að liggja meðfram kaldavatnslögn og er því svæðið að einhverju leiti nú þegar raskað.

Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu áhrif framkvæmdarinnar í staðbundnu en óafturkræfu raski á eldhrauni á Reykjaheiði sem nýtur sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Áhrifin verða þó að einhverju leyti takmörkuð þar sem hrauni hefur þegar verið raskað með núverandi möstrum og línuvegi. Þá er fyrirhugað að notast við núverandi slóða og vegi eins og framast er unnt. Ný og hærri möstur á Reykjaheiði munu auka sjónræn áhrif af Kópaskerslínu 1. Breyting á sjónrænum áhrifum verður samt, að mati Skipulagsstofnunar, takmörkuð og ekki líkleg til að breyta landslagi frá því sem nú.

Ef farið er eftir þeirri verktilhögun sem framkvæmdaraðili boðar til telur Skipulagsstofnun líklegt að áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum verði minniháttar.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að mikilvægt sé að tekið sé tillit til friðaðra plantna og hella sem gætu verið innan framkvæmdasvæðis en Landsnet hyggst fá sérfræðing til að kanna þau svæði sem fyrirhugað sé að verði fyrir raski og ef friðaðar plöntur eða hellar reynast vera til staðar verði leitast við að hnika framkvæmdasvæðinu eins og kostur er.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. nóvember 2022.

Reykjavík, 11. október 2022

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir